

Umbrotatímar

Bókarhöfundar: **Björn Þór Sigbjörnsson og Bergsteinn Sigurðsson.**

Bókarheiti: **Ísland í aldanna rás 2001–2010. Saga lands og þjóðar ár frá ári.**

Gagnrýnandi: **Helgi Skúli Kjartansson**, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands.

Útgáfa: **JPV útgáfa, Reykjavík 2012, 448 bls.**

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Undirliggjandi ádeilitónn fer ekki illa í bók sem spannar hinn örlagaríka áratug útrásar, ofpenslu og bankahruns. Þar er hið stóra viðfangsefni höfundanna sem þó má ekki valta yfir fjölbreytni hins fréttænæma mannlífs með öllum þess björtu og kátlegu hliðum og persónulegu hetju- og örlagasögum. Fjölbreyntin kemst vel til skila. Sömuleiðis þungi þeirrar öfugþróunar sem hrúnið var hluti af.“

Þessi bók tekur upp þráðinn frá þriggja binda verki Illuga Jökulssonar og félaga sem kom út á árunum 2000–2002 og fjallaði um atburði á Íslandi frá 1900 til 2000 ár frá ári. Rit Illuga var stórvirki, sniðfast og um margt prýðisvel heppnað. Eftir skömm kynni við framhaldsbindið sé ég ekki betur en það standist vel samanburðinn. Efnistökur eru í líkum anda og hjá Illuga en mun meira pláss fyrir atburði hvers árs og er það svigrúm vel nýtt, bæði með fjölbreyttu efni og með rækilegri frásögn af völdum atriðum.

Höfundar eru blaðamenn af Fréttablaðinu, Björn Þór með langan feril á fjölmiðlum, Bergsteinn með próf í sagnfræði og reynslu sem þýðandi. Bókin er, eins og fyrirrennarar hennar, stór í sniðum, mjög myndskreytt og með flóknu umbroti líkt og tímarit. Hér reynir því mjög á myndritstjóra (Brynjar Gunnarsson) og umbrotsmann (Jón Ásgeir Hreinsson), auk þess sem ritstjóri (Bjarni Guðmarsson sagnfræðingur, margreyndur höfundur og þýðandi) og verkefnisstjóri forlagsins (Ingibjörg Helgadóttir) hafa haft í mörg horn að líta að stýra svo flóknu verki í höfn, en það virðist hafa tekist næsta hnökralaust.

Með aðalhöfundum rita gestapennar um viss efni (Evrópuumræðuna – Baugsmálið – umhverfismál – Ólaf Ragnar Grímsson). Að öðru leyti er bókinni skipt eftir árum. Þó er eftir þörfum greint frá forsögu mála og stundum framhaldi, atburðarás nokkurra ára jafnvel dregin saman í eina heild – eins og saga FL Group 2004–2008 sem sögð er undir árinu 2005. Aðra þræði getur lesandi tint saman með hjálp nafnaskrár; ég prófaði t.d. að fletta upp Frjálslynda flokknum og náði nokkuð samstæðri upprifjun á sögu þeirra samtaka – en að vísu mjög persónubundinni.

Efnisval og efnistökur spegla að mörgu leyti fjölmiðlaumræðu hvers árs. Vel er

haldið til haga því sem vakti hneykslun og ádeilu, ekki síst í stjórnámálum; að því leyti er hvass tónn í verkinu, má kannski segja „stjórnarandstöðutónn“ án þess höfundar dregi taum ákveðins flokks eða stefnu. Mikið er gert úr afbrota- og ofbeldismálum, oft (ekki þó alltaf) með óvægnum nafn- og myndbirtingum; þar er haldið í það einkenni sem hvað umdeildast var í verki Illuga.

Undirliggjandi ádeilutónn fer ekki illa í bók sem spannar hinn örlagaríka áratug útrásar, ofpenslu og bankahruns. Þar er hið stóra viðfangsefni höfundanna sem þó má ekki valta yfir fjölbreytni hins fréttænema mannlífs með öllum þess björtu og kátlegu hliðum og persónulegu hetju- og örlagasögum. Fjölbreytnin kemst vel til skila. Sömuleiðis þungi þeirrar öfugþróunar sem hrunið var hluti af. En hinum flókna vef þátttakenda, fyrirtækja og viðskiptaflétta reynist aðeins unnt að lýsa með völdum dæmum. Og þá helst þeim sem komust strax í fréttir (t.d. Sterling), síður hinum sem túlkendur eða rannsakendur drógu fram síðar (Gnúpur, Gift, Al-Thani ...). Það er raunsætt mat höfunda að reyna ekki að keppa við sérhæfðar „hrunbækur“ um skýringar á þessum hlutum. Eitthvað af þeim mætti líka fjalla um síðar, undir þeim árum þegar dómar falla eða rannsókn er hætt. Hér hefði þó kannski verið hlutverk fyrir fimmta gestapennann.

Bækur af þessu tagi eru – þegar vel tekst til eins og hér – skemmtilegar að blaða í og fróðlegar til að rifja upp mál sem lesandi man óljóst og í pörtum (eins og „litla Landssímamanninn“ sem mig rámaði í og fékk hér settan í rétt samhengi; sama um fjölmargt annað). En hafa þær gildi sem raunveruleg úrvinnsla þekkingar? Í mínu fagi hefur þótt góð regla að sniðganga þær, eða að játa a.m.k. ekki á sig kynni af þeim með formlegri tilvísun. Enda eru þær sjálfar tilvísanalausar og tilheyra þannig ekki þeirri samfellu fræðirita þar sem allt á að vera leitt af frumheimildum með rekjanlegum hætti. Sumt af efni þeirra er líka einföld endursögn eftir einni heimild og verður þá ekki betra við að fara í gegnum millilið. En margt af því er raunveruleg úrvinnsla, sambærileg við fréttaskýringu frekar en fréttirnar sjálfar. Reyndar ekki í fræðilegu formi en unnið af kunnáttumönnum sem hafa yfirsýn yfir heimildirnar. Ef ég vildi t.d. geta sagt eitthvað um fyrirbærið „Sylvíu Nótt“ þá gæti ég að vísu farið í frumheimildir – þ.e. blöðin og vefmiðlana – og reynt að átta mig á lýsingum þeirra. En býsna nákvæm þyrfti sú athugun mín að vera til að ég væri ekki í rauninni betur settur með stutta en yfirvegaða samantekt þessarar bókar, eftir höfunda sem bæði hafa fylgst betur með en ég meðan sagan gerðist og síðan plægt rækilega í gegnum fjölmiðlana. Ég lít á slíka frásögn sem fullgilda heimild til allra alvarlegra nota.